

# Seyðisfjarðarkaupstaður

Ársreikningur 2010

Seyðisfjarðarkaupstaður  
Hafnargötu 44  
710 Seyðisfjörður

kt. 560269-4559

# Seyðisfjarðarkaupstaður

## Ársreikningur 2010

### Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda.....	2
Áritun kjörinna skoðunamanna.....	3
Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi.....	8
Heildaryfirlit um rekstur - í þúsundum króna.....	9
Efnahagsyfirlit - í þúsundum króna.....	10-11
Skýringar og sundurliðanir.....	12-22

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, heildaryfirlit um rekstur, efnahagsyfirlit og skýringar nr. 1 – 14.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort heldur er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beita viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Okkur ber að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og skýringar í ársreikningnum. Val á endurskoðunaraðgerðum byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sveitarfélagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur beita við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Seyðisfjarðarkaupstaðar á árinu 2010, efnahag 31. desember 2010, og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög og reikningsskilareglur sveitarfélaga.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við ofangreint álit okkar vekjum við athygli á skýringu nr. 2 í ársreikningnum, en þar er gerð grein fyrir að veltufjárhlutfall sveitarfélagsins í árslok 2010 var aðeins 0,63, en var 0,80 í lok fyrra árs. Skammtímaskuldir umfram veltufjármuni voru um 56,4 millj. kr. í árslok 2010, en sama staða var einnig neikvæð um 31,2 millj. kr. ári fyrr. Í fjárhagsáætlun ársins 2010 var gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri yrði 42,0 millj. kr. á því ári, en í reynd varð það neikvætt um 1,2 millj. kr.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2011, er gert ráð fyrir verulegum viðsnúningi í rekstri og að veltufé frá rekstri verði 60,2 millj. kr., en afborganir af langtímaskuldum til greiðslu á árinu 2011 munu nema um 82,7 millj. kr. Veltufé frá rekstri mun þannig ekki nægja til að greiða afborganir af langtímaskuldum samkvæmt gildandi lánasamningum. Ekki er gert ráð fyrir umtalsverðum fjárfestingum á árinu 2011.

Egilsstöðum, 1. júní 2011

**Deloitte hf.**

---

Sigurður H. Pálsson  
endurskoðandi

---

Sigurður Álfgeir Sigurðarson  
endurskoðandi

# Áritun kjörinna skoðunarmanna

---

Til bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Seyðisfjarðarkaupstaðar, höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2010 og leggjum til að hann verði samþykktur, með vísan til skriflegrar álitsgerðar okkar til bæjarstjórnar Seyðisfjarðar dagsettrar 30. maí 2011 og til áritunar löggiltra endurskoðenda.

Seyðisfirði, 1. júní 2011

---

Jóhann Jónsson

---

Sigurður Gunnarsson

# Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

---

Ársreikningur Seyðisfjarðarkaupstaðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar samgönguráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Rekstrartekjur bæjarfélagsins á árinu námu 619,4 mkr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 591,5 mkr. Rekstrartekjur A-hluta námu 503,8 mkr., en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 474,9 mkr.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,28% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði nam 0,40%, en lögbundið hámark er 0,62%, og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis, sem er lögbundið hámark.

Rekstrarniðurstaða bæjarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 70,3 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 5,4 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 47,9 mkr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 7,3 mkr. Eigið fé bæjarfélagsins í árslok var neikvætt um 189,7 mkr., en eigið fé A-hluta var jákvætt um 127,2 mkr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 318,1 mkr. en starfsmannafjöldi hjá bæjarfélaginu var að meðaltali um 54. Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu alls 14,1 mkr. á árinu 2010.

Íbúafjöldi Seyðisfjarðar 1. desember 2010 var 669 og hafði þá fækkað um 37 íbúa frá fyrra ári.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Seyðisfirði, 1. júní 2011

Ólafur Hr. Sigurðsson  
bæjarstjóri

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar

# Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýr.	Sveitarsjóður			Samantekinn ársreikningur		
		2010	Áætlun	2009	2010	Áætlun	2009
<b>Tekjur</b>							
	4						
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs .....		285.328	277.400	286.948	285.328	277.400	286.948
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....		91.146	97.098	95.472	91.146	97.098	95.472
Aðrar tekjur .....		<u>127.323</u>	<u>100.383</u>	<u>114.896</u>	<u>242.974</u>	<u>217.050</u>	<u>225.580</u>
		<u>503.797</u>	<u>474.881</u>	<u>497.316</u>	<u>619.448</u>	<u>591.548</u>	<u>608.000</u>
<b>Gjöld</b>							
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	5	294.372	257.856	285.339	318.102	279.242	302.880
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....		5.249	5.200	6.363	5.249	5.200	6.363
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>217.582</u>	<u>177.651</u>	<u>215.840</u>	<u>265.969</u>	<u>221.973</u>	<u>264.103</u>
		517.203	440.707	507.541	589.320	506.415	573.345
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>		(13.405)	34.174	(10.225)	30.128	85.133	34.656
Afskriftir .....		(17.728)	(18.265)	(18.172)	(40.623)	(41.662)	(46.502)
Söluhagnaður af fastafjármunum .....		<u>1.438</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.438</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>		(29.695)	15.909	(28.397)	(9.056)	43.471	(11.846)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	<u>(18.252)</u>	<u>(8.615)</u>	<u>(29.955)</u>	<u>(61.254)</u>	<u>(38.113)</u>	<u>(120.780)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<u>(47.947)</u>	<u>7.294</u>	<u>(58.352)</u>	<u>(70.311)</u>	<u>5.358</u>	<u>(132.627)</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skr.	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
		31. 12. 2010	31. 12. 2009	31. 12. 2010	31. 12. 2009
<b>Fastafjármunir</b>					
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	7				
Fasteignir .....		397.660	274.745	533.005	415.121
Hafnarmannvirki .....				182.985	141.624
Vatnsveitu- og holræsakerfi .....		81.228	82.143	248.613	251.023
Vélar, áhöld og tæki .....		26.438	26.146	27.390	27.103
		<u>505.325</u>	<u>383.033</u>	<u>991.993</u>	<u>834.872</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>					
Eignarhlutar í félögum .....	8	87.253	89.253	88.157	90.157
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		52.569	60.743		
		<u>139.822</u>	<u>149.996</u>	<u>88.157</u>	<u>90.157</u>
<b>Fastafjármunir</b>		<u>645.148</u>	<u>533.030</u>	<u>1.080.151</u>	<u>925.029</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
<b>Skammtímakröfur</b>	9				
Óinnheimtar tekjur .....		26.945	32.360	39.462	39.894
Aðrar skammtímakröfur .....		16.800	18.592	21.668	23.146
Næsta árs afborganir langt.krafna .....		9.760	16.037		6.892
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		42.920	34.388		
		<u>96.424</u>	<u>101.378</u>	<u>61.131</u>	<u>69.931</u>
<b>Handbært fé</b>	9				
Bankainnstæður .....		27.740	51.299	33.981	51.308
		<u>27.740</u>	<u>51.299</u>	<u>33.981</u>	<u>51.308</u>
<b>Veltufjármunir</b>		<u>124.165</u>	<u>152.677</u>	<u>95.111</u>	<u>121.239</u>
<b>Eignir</b>		<u>769.313</u>	<u>685.706</u>	<u>1.175.262</u>	<u>1.046.268</u>

# 31. 12. 2010

## Eigið fé og skuldir

	Skr.	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
		31. 12. 2010	31. 12. 2009	31. 12. 2010	31. 12. 2009
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé .....	10	127.159	56.106	(189.687)	(238.376)
<b>Eigið fé</b>		<u>127.159</u>	<u>56.106</u>	<u>(189.687)</u>	<u>(238.376)</u>
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbindingar .....	11	200.527	200.085	200.527	200.085
		<u>200.527</u>	<u>200.085</u>	<u>200.527</u>	<u>200.085</u>
<b>Langtímaskuldir</b>					
	12				
Skuldir við Lánasjóð sveitarfélaga .....		234.331	215.388	574.407	485.804
Skuldir við aðrar lánastofnanir .....		148.738	147.934	521.245	523.629
Næsta árs afborganir .....		(35.064)	(33.517)	(82.731)	(77.324)
		<u>348.005</u>	<u>329.805</u>	<u>1.012.920</u>	<u>932.110</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir .....		22.283	31.897	22.283	31.897
Aðrar skammtímaskuldir.....		36.276	34.297	46.487	43.229
Næsta árs afborganir langtímalána.....	12	35.064	33.517	82.731	77.324
		<u>93.622</u>	<u>99.710</u>	<u>151.501</u>	<u>152.449</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>		<u>642.154</u>	<u>629.600</u>	<u>1.364.948</u>	<u>1.284.644</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u><u>769.313</u></u>	<u><u>685.706</u></u>	<u><u>1.175.262</u></u>	<u><u>1.046.268</u></u>
<b>Rekstrarleigusamningar:</b>					
Skuldbindingar vegna					
rekstrarleigusamninga .....		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>



# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010

	Skýr.	Sveitarsjóður			Samantekinn ársreikningur		
		2010	Áætlun	2009	2010	Áætlun	2009
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Niðurstaða ársins .....		(47.947)	7.294	(58.352)	(70.311)	5.358	(132.627)
<b>Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</b>							0
Reiknaðar afskriftir .....	7	17.728	18.265	18.172	40.623	41.662	40.162
Sölutap af fastafjármunum .....							6.340
Verðbætur og gengismunur .....		7.117		23.177	21.193		77.986
Afskrifuð hlutafjäreign .....		2.000		11.181	2.000		20.107
Breyting á lífeyrisskuldb. ....	11	5.249		6.363	5.249		6.363
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>(15.854)</b>	<b>25.559</b>	<b>540</b>	<b>(1.247)</b>	<b>47.020</b>	<b>18.331</b>
<b>Breytingar á skammtímalíðum:</b>							
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		7.207		(5.385)	1.909		(6.429)
Skammtímaskuldir, (lækkun) .....		(7.635)		(4.036)	(6.355)		(3.462)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>(16.281)</b>	<b>25.559</b>	<b>(8.881)</b>	<b>(5.693)</b>	<b>47.020</b>	<b>8.440</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm. ....	7	(21.021)	(51.500)	(21.749)	(78.745)	(73.500)	(56.697)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....	7			0	0	0	5.000
Langtímakröfur, breyting .....		16.037	16.037	14.167	6.892	6.892	6.072
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<b>(4.983)</b>	<b>(35.463)</b>	<b>(7.582)</b>	<b>(71.853)</b>	<b>(66.608)</b>	<b>(45.625)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Viðskiptastaða eigin fyrirt., breyt. ....		(8.532)	(30.440)	(20.139)	0	0	0
Tekin ný langtímalán .....	12	36.200	40.000	10.000	123.000	62.000	49.000
Afborganir langtímalána .....	12	(25.156)	(33.517)	(35.920)	(57.975)	(76.273)	(74.412)
Afborganir lífeyrisskuldbindinga .....	11	(4.807)	(5.200)	(4.844)	(4.807)	(5.200)	(4.844)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>(2.294)</b>	<b>(29.157)</b>	<b>(50.903)</b>	<b>60.219</b>	<b>(19.473)</b>	<b>(30.256)</b>
<b>Hækkun handbærs fjár</b> .....		<b>(23.559)</b>	<b>(39.061)</b>	<b>(67.366)</b>	<b>(17.327)</b>	<b>(39.061)</b>	<b>(67.441)</b>
<b>Handbært fé í upphafi árs</b> .....		<b>51.299</b>	<b>51.299</b>	<b>118.665</b>	<b>51.308</b>	<b>51.308</b>	<b>118.748</b>
<b>Handbært fé í lok árs</b> .....		<b>27.740</b>	<b>12.238</b>	<b>51.299</b>	<b>33.981</b>	<b>12.247</b>	<b>51.308</b>

## Heildaryfirlit um rekstur ársins 2010

	Skatt-tekjur	Framlög jöfnunar-sjóðs	Aðrar tekjur	Samtals tekjur	Laun og launatengd gjöld	Breyting lífeyris-skuldb.	Annar rekstrar-kostnaður	Afskriftir	Samtals rekstrar-gjöld	Fjármunat. og (fjármagnsgj.)	Niðurstaða	Fjárhags-áætlun
<b>Aðalsjóður</b>												
00 - Skatttekjur .....	285.328	87.172		<b>372.500</b>							<b>372.500</b>	369.890
02 - Félagsþjónusta .....		3.974	3.069	<b>7.043</b>	17.653		10.477		<b>28.130</b>		<b>(21.086)</b>	(23.285)
04 - Fræðslu- og uppeldismál .....			12.986	<b>12.986</b>	153.325		44.205		<b>197.529</b>		<b>(184.543)</b>	(168.315)
05 - Menningarmál .....			23.020	<b>23.020</b>	13.282		33.962		<b>47.244</b>		<b>(24.224)</b>	(24.892)
06 - Æskulýðs- og íþróttamál .....			22.061	<b>22.061</b>	21.078		52.881		<b>73.958</b>		<b>(51.897)</b>	(51.221)
07 - Brunamál og almannavarnir .....			2.170	<b>2.170</b>	34		7.714		<b>7.747</b>		<b>(5.577)</b>	(7.913)
08 - Hreinlætismál .....			15.741	<b>15.741</b>	5.059		25.956		<b>31.016</b>		<b>(15.275)</b>	(7.611)
09 - Skipulags- og byggingamál .....			374	<b>374</b>	407		8.037		<b>8.444</b>		<b>(8.070)</b>	(5.407)
10 - Umferðar- og samgöngumál .....			8.471	<b>8.471</b>			24.036		<b>24.036</b>		<b>(15.564)</b>	(8.650)
11 - Umhverfismál .....			2.891	<b>2.891</b>	13.436		7.212		<b>20.648</b>		<b>(17.757)</b>	(13.890)
13 - Atvinnumál .....			6.911	<b>6.911</b>	7.033		10.742		<b>17.775</b>		<b>(10.864)</b>	(8.547)
20 - Framlög til B-hluta fyrirtækja .....							880		<b>880</b>		<b>(880)</b>	(880)
21 - Sameiginlegur kostnaður .....			11.140	<b>11.140</b>	33.898		25.636		<b>59.535</b>		<b>(48.394)</b>	(35.858)
22 - Breyting lífeyrisskuldbindinga .....						5.249			<b>5.249</b>		<b>(5.249)</b>	(5.200)
28 - Fjármagnsliðir .....										4.509	<b>4.509</b>	5.737
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>285.328</b>	<b>91.146</b>	<b>108.834</b>	<b>485.308</b>	<b>265.204</b>	<b>5.249</b>	<b>251.737</b>		<b>522.190</b>	<b>4.509</b>	<b>(32.373)</b>	<b>13.958</b>
<b>Aðrir sjóðir og stofnanir í A hluta</b>												
Eignasjóður Seyðisfjarðarkaupstaðar .....			56.454	<b>56.454</b>	1.200		15.928	16.033	<b>33.160</b>	(22.781)	<b>513</b>	5.531
Áhaldahús Seyðisfjarðarkaupstaðar .....			27.352	<b>27.352</b>	27.968		15.233	257	<b>43.459</b>	20	<b>(16.087)</b>	(12.195)
Millifærslur .....			(65.316)	<b>(65.316)</b>			(65.316)		<b>(65.316)</b>			
<b>Aðrir sjóðir og stofnanir samtals</b>			<b>18.489</b>	<b>18.489</b>	<b>29.168</b>		<b>(34.155)</b>	<b>16.290</b>	<b>11.303</b>	<b>(22.761)</b>	<b>(15.574)</b>	<b>(6.664)</b>
<b>Rekstur sveitarsjóðs samtals</b>	<b>285.328</b>	<b>91.146</b>	<b>127.323</b>	<b>503.797</b>	<b>294.372</b>	<b>5.249</b>	<b>217.582</b>	<b>16.290</b>	<b>533.493</b>	<b>(18.252)</b>	<b>(47.947)</b>	<b>7.294</b>
<b>Sjóðir og fyrirtæki í B hluta</b>												
Hafnarsjóður Seyðisfjarðarkaupstaðar .....			92.660	<b>92.660</b>	18.222		40.941	14.141	<b>73.304</b>	(20.187)	<b>(831)</b>	3.967
Vatnsveita Seyðisfjarðarkaupstaðar .....			18.246	<b>18.246</b>	5.508		8.936	870	<b>15.314</b>	(2.959)	<b>(27)</b>	1.950
Fráveita Seyðisfjarðarkaupstaðar .....			9.455	<b>9.455</b>			5.081	5.249	<b>10.329</b>	(11.710)	<b>(12.584)</b>	(6.413)
Leigugeignir Seyðisfjarðarkaupstaðar .....			1.469	<b>1.469</b>			3.094	1.391	<b>4.486</b>	(2.959)	<b>(5.975)</b>	(4.271)
Félagslegar íbúðir Seyðisfirði .....			9.083	<b>9.083</b>			5.598	1.243	<b>6.841</b>	(5.188)	<b>(2.946)</b>	2.831
Millifærslur .....			(15.263)	<b>(15.263)</b>			(15.263)		<b>(15.263)</b>			
<b>Sjóðir og fyrirtæki í B-hluta samtals</b>			<b>115.651</b>	<b>115.651</b>	<b>23.730</b>		<b>48.387</b>	<b>22.895</b>	<b>95.012</b>	<b>(43.002)</b>	<b>(22.363)</b>	<b>(1.936)</b>
<b>Rekstur A og B hluta samtals</b>	<b>285.328</b>	<b>91.146</b>	<b>242.974</b>	<b>619.448</b>	<b>318.102</b>	<b>5.249</b>	<b>265.969</b>	<b>39.185</b>	<b>628.504</b>	<b>(61.254)</b>	<b>(70.311)</b>	<b>5.358</b>

## Efnahagsyfirlit 31. 12. 2010

Eignir	Samtals A - hluta stofnanir	Hafnar- sjóður	Vatns- veita	Fráveita	Leigu- húsnæði	Félagsl. íbúðir	Samtals B - hluta stofnanir	Milli- færslur	Saman- tekinn reikningur
<b>Fastafjármunir</b>									
Varanlegir rekstrarfjármunir									
Fasteignir .....	397.660	16.367			16.920	102.058	135.345		533.005
Hafnarmannvirki .....		182.985					182.985		182.985
Veitumannvirki og gatnakerfi .....	81.228		32.154	135.231			167.386		248.613
Vélar, áhöld og tæki .....	26.438	597	355				952		27.390
	<b>505.325</b>	199.949	32.509	135.231	16.920	102.058	<b>486.668</b>		<b>991.993</b>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>									
Eignahlutir í félögum .....	87.253	904					904		88.157
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki - B .....	52.569							(52.569)	
	<b>139.822</b>	904					<b>904</b>	<b>(52.569)</b>	<b>88.157</b>
<b>Fastafjármunir</b>	<b>645.148</b>	200.853	32.509	135.231	16.920	102.058	<b>487.572</b>	<b>(52.569)</b>	<b>1.080.151</b>
<b>Veltufjármunir</b>									
Skammtímakröfur									
Óinnheimtar tekjur .....	26.945	11.242	1.186			90	12.518		39.462
Aðrar skammtímakröfur .....	16.800	4.868					4.868		21.668
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki - B .....	42.920	74.845	9.696				84.541	(127.461)	
Næsta árs afborgun langtímakrafna - B .....	9.760							(9.760)	
Handbært fé .....	27.740	6.240					6.240		33.981
<b>Veltufjármunir</b>	<b>124.165</b>	97.195	10.883			90	<b>108.167</b>	<b>(137.221)</b>	<b>95.111</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>769.313</b>	298.048	43.392	135.231	16.920	102.148	<b>595.739</b>	<b>(189.790)</b>	<b>1.175.262</b>

## Efnahagsyfirlit 31. 12. 2010

	Samtals A - hluta stofnanir	Hafnar- sjóður	Vatns- veita	Fráveita	Leigu- húsnæði	Félagsl. íbúðir	Samtals B - hluta stofnanir	Milli- færslur	Saman- tekinn reikningur
<b>Skuldir og eigið fé</b>									
<b>Eigið fé</b>									
Eigið fé .....	<b>127.159</b>	(90.154)	1.981	(74.626)	(51.321)	(102.726)	<b>(316.845)</b>		<b>(189.687)</b>
	<b>127.159</b>	(90.154)	1.981	(74.626)	(51.321)	(102.726)	<b>(316.845)</b>		<b>(189.687)</b>
<b>Skuldbindingar</b>									
Lífeyrisskuldbindingar .....	<b>200.527</b>								<b>200.527</b>
<b>Langtímaskuldir</b>									
Skuldabréf hjá Lánasjóði sveitarfélaga .....	<b>234.331</b>	170.724	36.950	132.402			<b>340.076</b>		<b>574.407</b>
Skuldabréf hjá bönkum og sparisjóðum .....	<b>141.911</b>	210.676			11.674	136.526	<b>358.877</b>		<b>500.787</b>
Skuldabréf hjá öðrum lánastofnunum .....	<b>6.827</b>				2.177	11.453	<b>13.630</b>		<b>20.457</b>
Skuldir við eigin fyrirtæki - B .....			4.042	15.574	42.714		<b>62.329</b>	(62.329)	
Næsta árs afborganir .....	<b>(35.064)</b>	(26.574)	(8.020)	(15.607)	(3.321)	(3.905)	<b>(57.427)</b>	9.760	<b>(82.731)</b>
	<b>348.005</b>	354.827	32.971	132.368	53.244	144.074	<b>717.485</b>	<b>(52.569)</b>	<b>1.012.920</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>									
Viðskiptaskuldir .....	<b>22.283</b>								<b>22.283</b>
Skuldir við eigin fyrirtæki - B .....				59.217	11.596	56.648	<b>127.461</b>	(127.461)	
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	<b>35.064</b>	26.574	3.979	12.732	479	3.905	<b>47.667</b>		<b>82.731</b>
Næsta árs afborganir langtímaskulda - A .....									
Næsta árs afborganir langtímaskulda - B .....			4.042	2.875	2.843		<b>9.760</b>	(9.760)	
Aðrar skammtímaskuldir .....	<b>36.276</b>	6.800	419	2.665	80	247	<b>10.211</b>		<b>46.487</b>
	<b>93.622</b>	33.374	8.440	77.489	14.997	60.800	<b>195.100</b>	<b>(137.221)</b>	<b>151.501</b>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>	<b>642.154</b>	388.201	41.411	209.857	68.241	204.874	<b>912.584</b>	<b>(189.790)</b>	<b>1.364.948</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>769.313</b>	298.048	43.392	135.231	16.920	102.148	<b>595.739</b>	<b>(189.790)</b>	<b>1.175.262</b>

# Skýringar

---

## 1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr. 144/1994, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001, með síðari breytingum.

Starfsemi bæjarfélagsins er skipt í A og B-hluta, sbr. 60. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Til A-hluta telst bæjarsjóður, sem er aðalsjóður bæjarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Áhaldahús.

Til B-hluta teljast stofnanir bæjarfélagsins, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Leigueignir og Félagslegar íbúðir.

Ársreikningur Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2010 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A-hluta starfsemi bæjarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. fyrir A og B hluta.

Fjárhagsáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2010 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og heildaryfirliti um rekstur.

## 2. Fjárhagsstaða

Í árslok 2010 er veltufjárhlutfall sveitarfélagsins 0,63, en var 0,80 í lok fyrra árs. Skammtímaskuldir umfram veltufjármuni voru um 56,4 millj. kr. í árslok 2010, en sama staða var einnig neikvæð um 31,2 millj. kr. ári fyrr. Í fjárhagsáætlun ársins 2010 var gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri yrði 42,0 millj. kr. á því ári, en í reynd varð það neikvætt um 1,2 millj. kr.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011, sem gerir ráð fyrir verulegum viðsnúningi í rekstri, er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 60,2 millj. kr., en afborganir af langtímaskuldum til greiðslu á árinu 2011 munu nema um 82,7 millj. kr. Veltufé frá rekstri mun þannig ekki nægja til að greiða afborganir af langtímaskuldum samkvæmt gildandi lánasamningum. Ekki er gert ráð fyrir umtalsverðum fjárfestingum á árinu 2011.

## 3. Helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Ársreikningur bæjarsjóðs

Ársreikningur A-hluta tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Áhaldahúss. Í ársreikningnum eru færð út öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli þessarra sjóða.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til bæjarsjóðs og B-hluta fyrirtækjanna Hafnarsjóðs, Vatnsveitu, Fráveitu, Leigueigna og Félagslegra íbúða. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en öll veruleg viðskipti og viðskiptastöður á milli bæjarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru ekki meðtalin í honum.

Efturfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

# Skýringar

## 3. Helstu reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlauðn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum er kunna að verða á innheimtu skatttekna.

Þjónustutekjur eru tekjufærðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi og reikningur gerður fyrir henni.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

### Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

### Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útstandandi skammttímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og færðar niður með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir bæjarsjóðs eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en á árinu 2001 voru eldri eignir þó færðar á matsverði sbr. þáverandi viðmiðun ráðuneytis sveitarstjórnarmála eða framreiknuðu upphaflegu kostnaðarverði, ef það lá fyrir. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftatíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir	25 til 40 ár
Gatnakerfi, veitukerfi	25 ár
Hafnarmannvirki	10 til 25 ár
Aðrar eignir	10 ár

## 3. Helstu reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Leigulóðir Seyðisfjarðarkaupstaðar

Í samræmi við Álit 2 frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga hefur verðmæti leigulóða Seyðisfjarðarkaupstaðar verið reiknað og fært til eignar hjá Eignasjóði. Byggt er á núvirði framtíðarleigutekna og miðað við 5,0% ávöxtunarkröfu og nemur bókfært verð leigulóðanna 119,0 millj. kr.

### Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar bæjarsjóðs í félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi.

### Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru færðar niður til að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr kafla hér frammar um niðurfærslu eigna.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru færðar niður til að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af innstæðum í bönkum og sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að geta verið handbærar innan þriggja mánaða.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins eru færðar meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegs útreiknings. Breytingar á skuldbindingunum á árinu eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

# Skýringar

## 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A-hluti 2010	B-hluti 2010	Samantekið 2010	Áætlun
<b>Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs</b>				
Útsvör .....	232.643	0	232.643	225.000
Fasteignaskattur .....	46.884	0	46.884	46.600
Lóðarleiga .....	5.801	0	5.801	5.800
	<u>285.328</u>	<u>0</u>	<u>285.328</u>	<u>277.400</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga</b>				
Framlag vegna fasteignaskatts .....	36.074	0	36.074	34.000
Útgjaldajöfnunarframlag .....	19.372	0	19.372	24.000
Almennt jöfnunarframlag .....	14.670	0	14.670	16.700
Aukaframlög .....	9.832	0	9.832	14.000
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra .....	3.240	0	3.240	3.240
Framlag vegna nýbúafræðslu .....	220	0	220	550
Framlag vegna tryggingagjalds .....	3.763	0	3.763	0
Framlag vegna húsaleigubóta .....	3.974	0	3.974	4.608
	<u>91.146</u>	<u>0</u>	<u>91.146</u>	<u>97.098</u>
<b>Aðrar tekjur</b>				
Aðalsjóður .....	108.834	0	108.834	91.510
Eignasjóður .....	56.454	0	56.454	52.542
Áhaldahús .....	27.352	0	27.352	18.677
Hafnarsjóður .....		92.660	92.660	91.137
Vatnsveita .....		18.246	18.246	19.288
Fráveita .....		9.455	9.455	9.648
Leigueignir .....		1.469	1.469	1.630
Félagslegar íbúðir .....		9.083	9.083	10.227
Innri viðskipti .....	(65.316)	(15.263)	(80.579)	(77.609)
	<u>127.323</u>	<u>115.651</u>	<u>242.974</u>	<u>217.050</u>
<b>Rekstrartekjur alls .....</b>	<u><u>503.797</u></u>	<u><u>115.651</u></u>	<u><u>619.448</u></u>	<u><u>591.548</u></u>

## 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A-hluti 2010	B-hluti 2010	Samantekið 2010	Áætlun
Laun og orlof .....	229.788	18.631	248.419	220.992
Launatengd gjöld og hlunnindi .....	64.585	5.099	69.683	58.250
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>294.372</u>	<u>23.730</u>	<u>318.102</u>	<u>279.242</u>

Stöðugildi voru að meðaltali um 54.

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 14,5 milljónum króna.



# Skýringar

## 6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	A-hluti 2010	B-hluti 2010	Samantekið 2010	Áætlun
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	1.003	4	1.007	342
Vaxtatekjur af skatttekjum og innheimtum .....	904	209	1.113	1.259
Fjármagnstekjuskattur .....	(453)		(453)	
Vaxtatekjur af langtímakröfum .....	436		436	
Vextir og verðbætur innan samstæðu .....	4.454	(4.454)	0	
Arðstekjur .....	5.003		5.003	5.000
Afskrifuð hlutafjáreign .....	(1.850)		(1.850)	
Vaxtagjöld af langtímaskuldum .....	(18.393)	(26.271)	(44.664)	(44.158)
Verðbætur af langtímaskuldum .....	(8.703)	(12.490)	(21.193)	
Önnur vaxtagjöld .....	(654)	0	(654)	(556)
	<u>(18.252)</u>	<u>(43.002)</u>	<u>(61.254)</u>	<u>(38.113)</u>

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

### A-hluti:

	Fasteignir	Hafnar- mannvirki	Gangstígar og vellir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1.1.....	868.318		95.071	94.416	1.057.805
Afskrifað áður .....	(593.573)		(12.928)	(68.270)	(674.772)
	274.745	0	82.143	26.146	383.033
Leigulóðir eignfærðar 1/1.....	119.000				119.000
	393.745	0	82.143	26.146	502.033
Viðbót á árinu.....	13.906		2.951	4.163	21.021
Afskrifað á árinu .....	(9.991)	0	(3.866)	(3.871)	(17.728)
Bókfært verð í árslok.....	397.660	0	81.228	26.438	505.325

### B-hluti:

	Fasteignir	Hafnar- mannvirki	Veitu- og holræsakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1.1.....	261.037	336.821	574.050	9.523	1.181.431
Afskrifað áður .....	(120.660)	(195.197)	(405.170)	(8.565)	(729.592)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	140.376	141.624	168.880	958	451.838
Viðbót á árinu.....		53.100	4.624		57.724
Afskrifað á árinu .....	(5.032)	(11.738)	(6.119)	(6)	(22.895)
Bókfært verð í árslok.....	135.345	182.985	167.386	952	486.668
A og B hluti samtals.....	<u>533.005</u>	<u>182.985</u>	<u>248.613</u>	<u>27.390</u>	<u>991.993</u>

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti fasteigna bæjarfélagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteigna- mat í þús.kr.	Trygginga- mat í þús.kr.	Bókfært verð
Gamli grunnskólinn, Suðurgötu 4.....	27.840	108.800	15.837
Leikskólinn Sólvellir, Garðarsvegi 1.....	24.740	98.100	33.094
Nýi grunnskólinn og handavinnustofa, Skólavegi 1.....	32.140	124.950	30.900
Tónlistarskóli, Austurvegi 22.....	9.920	33.850	8.724
Ráðhús og tæknimínjasafn, Hafnargötu 44.....	18.990	62.700	5.578
Vélsmiðja, Hafnargötu 32.....	10.195	38.950	2.224
Herðubreið, íþróttahús og félagsheimili, Austurvegi 4.....	138.800	543.650	154.578
Sundlaug Seyðisfjarðar, Suðurgötu 5.....	25.860	101.700	7.882
Tjaldstæðishús, Ránargötu 5.....	7.138	9.890	3.108
Hafnargata 35-47.....	8.840	21.900	965
Ránargata 1.....	8.279	24.553	14.444
Vestdalseyrarvegur 2.....	20.222	5.022	
Leigulóðir Seyðisfjarðarkaupstaðar.....			119.000
Áhaldahús Strandarvegi 39, "Neptún".....	15.510	21.484	1.416
Ránargata 2.....	16.115	61.000	2.991
Ránargata 13.....	11.690	17.550	134
Fjarðargata 8.....	21.740	84.550	4.214
Oddagata 4e.....	10.750	30.300	2.796
Hafnargata 52a, vigtarhús.....	4.554	15.900	5.675
Hafnarmannvirki.....	106.210	811.118	182.985
Hafnarhús, Ferjuleiru 1.....	94.120	383.800	"
Vatnshreinsistöð.....	2.976	10.650	
Vatnsveita inntaksmannvirki og lokahús.....	598	291.156	
Öldugata 14.....	14.850	42.600	6.709
Suðurgata 8.....	21.683	83.835	65
Hamrabakki 8.....	6.470	23.450	765
Harmrabakki 10.....	3.220	10.600	1.766
Botnahlið 33.....	16.250	54.100	8.082
Fjarðarsel 12, fjárrétt.....	745	2.040	
Austurvegur 19c.....	10.064	40.750	
Félagslegar íbúðir.....	88.710	242.750	102.058
	<b>779.219</b>	<b>3.401.698</b>	<b>715.990</b>

## 8. Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar í félögum í árslok greinast þannig:

Nafnverð	A-hluti	B-hluti	Samantekið
	Bókfært verð	Bókfært verð	Bókfært verð
Lánasjóður sveitarfélaga.....	48.850	86.465	86.465
Smyril-Line.....		789	681
Síldarvinnslan hf.....	127		223
Strandberg ehf.....	10.000		0
Dráttarbraut Seyðisfjarðar ehf.....	300		0
Landskerfi bókasafna hf.....	211		0
	<b>87.253</b>	<b>904</b>	<b>88.157</b>

# Skýringar

## 9. Aðrar peningalegar eignir

	A-hluti	B-hluti	Samantekið
<b>Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur</b>			
Útsvar.....	28.777		28.777
Fasteignagjöld.....	5.354		5.354
Viðskiptakröfur.....	21.573	20.120	41.694
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast.....	(11.959)	(2.735)	(14.694)
	<u>43.745</u>	<u>17.385</u>	<u>61.131</u>
Breytingar á niðurfærslum viðskiptakrafna greinast þannig:			
Niðurfærsla í ársbyrjun.....	9.940	2.975	12.916
Tapaðar kröfur á árinu.....	(3.889)		(3.889)
Hækkun/(lækkun) óbeinnar niðurfærslu á árinu.....	5.908	(241)	5.667
	<u>11.959</u>	<u>2.735</u>	<u>14.694</u>
<b>Aðrar skammtímakröfur</b>			
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki.....	42.920	84.541	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna.....	9.760		0
	<u>52.679</u>	<u>84.541</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé</b>			
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum.....	27.706	6.240	33.946
Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt.....	35	0	35
	<u>27.740</u>	<u>6.240</u>	<u>33.981</u>

## 10. Eigið fé

	A-hluti	B-hluti	Samantekið
Yfirfært frá fyrra ári .....	56.106	(294.482)	(238.376)
Leigulóðir færðar til eignar.....	119.000	0	119.000
Leiðrétt eigið fé í ársbyrjun.....	175.106	(294.482)	(119.376)
Afkoma ársins.....	(47.947)	(22.363)	(70.311)
Eigið fé 31.12. 2010.....	<u>127.159</u>	<u>(316.845)</u>	<u>(189.687)</u>

# Skýringar

## 11. Lífeyrisskuldbinding

Á bæjarsjóði hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, en um er að ræða réttindatengd lífeyriskyrti með bakábyrgð launagreiðanda. Samkvæmt mati tryggingarstarðfræðings námu skuldbindingarnar í árslok 2010 kr. 200,5 milljónum króna, og er miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkunir. Hækkun lífeyrisskuldbindinga á árinu var 5,2 milljónir króna og er hækkunin gjaldfærð í rekstrarreikningi bæjarsjóðs. Greiðslur vegna skuldbindingarinnar námu 4,8 milljónum króna á árinu.

	Árið 2010	Árið 2009
Lífeyrisskuldbindingar í upphafi árs.....	200.085	198.566
Greiðslur á árinu.....	(4.807)	(4.844)
Hækkun á árinu.....	5.249	6.363
	<u>200.527</u>	<u>200.085</u>

## 12. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	A-hluti	Samantekið
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:		
Skuldir í EUR.....	101	14.745
Skuldir í USD .....	61	7.390
Skuldir í CHF.....	63	5.226
Skuldir í SEK.....		3.239
Skuldir í JPY.....	54	2.598
Skuldir í GBP.....		980
	<u>278</u>	<u>34.179</u>
Skuldir í íslenskum krónum .....	<u>382.790</u>	<u>1.061.473</u>
	383.069	1.095.651
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(35.064)	(82.731)
<b>Langtímaskuldir í árslok</b>	<u>348.005</u>	<u>1.012.920</u>

Afborganir af langtímaskuldum í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborganir .....	35.064	82.731
Afborganir 2012.....	34.875	82.923
Afborganir 2013.....	34.974	83.419
Afborganir 2014.....	35.082	83.554
Afborganir 2015.....	35.168	84.000
Afborganir síðar .....	<u>207.906</u>	<u>679.024</u>
	<u>383.069</u>	<u>1.095.651</u>

## 13. Önnur mál

Bæjarsjóður hefur keypt frjálsa ábyrgðartryggingu og nemur bótafjárhæðin allt að 245 milljónum króna.

# Skýringar

## 14. Lykiltölur

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2010	Áætlun	2010	Áætlun
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur</b>				
Útsvar .....	46,18%	47,38%	37,56%	38,04%
Fasteignaskattar .....	9,31%	9,81%	7,57%	7,88%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	18,09%	20,45%	14,71%	16,41%
Lóðaleiga .....	1,15%	1,22%	0,94%	0,98%
Skatttekjur samtals .....	74,73%	78,86%	60,78%	63,31%
Aðrar tekjur .....	25,27%	21,14%	39,22%	36,69%
Rekstrartekjur samtals .....	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Laun og launatengd gjöld .....	58,43%	54,30%	51,35%	47,21%
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	1,04%	1,10%	0,85%	0,88%
Annar rekstrarkostnaður .....	43,19%	37,41%	42,94%	37,52%
Rekstrargjöld samtals .....	102,66%	92,80%	95,14%	85,61%
Afskriftir, sölutöp og söluhagnaður .....	3,23%	3,85%	6,33%	7,04%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	3,62%	1,81%	9,89%	6,44%
	109,52%	98,46%	111,35%	99,09%
Rekstrarniðurstaða .....	-9,52%	1,54%	-11,35%	0,91%
Handbært fé frá rekstri .....	-3,23%	5,38%	-0,92%	7,95%
Fjárfestingahreyfingar .....	-0,99%	-7,47%	-11,60%	-11,26%
<b>Í þúsundum króna á íbúa</b>				
<b>Rekstur</b>				
Skatttekjur .....	563	560	563	560
Aðrar tekjur .....	190	150	363	324
Laun og launatengd gjöld .....	(440)	(385)	(475)	(417)
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	(8)	(8)	(8)	(8)
Annar rekstrarkostnaður .....	(325)	(266)	(398)	(332)
Afskriftir .....	(24)	(27)	(59)	(62)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	(27)	(13)	(92)	(57)
Rekstrarniðurstaða .....	(72)	11	(105)	8
	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2010	2009	2010	2009
<b>Efnahagur</b>				
Eignir .....	1.150	1.025	1.757	1.564
Eigið fé .....	190	84	(284)	(356)
Lífeyrisskuldbindingar .....	300	299	300	299
Skuldir án skuldbindinga .....	660	642	1.741	1.621
<b>Yfirlit um sjóðstreymi</b>				
Handbært fé frá rekstri .....	(24)	38	(9)	70
<b>Aðrar lykiltölur</b>				
Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við langtímaskuldir, mælt í árum .....	-21,37		-177,92	
Veltufjárhlutfall .....	1,33	1,53	0,63	0,80
Eiginfjárhlutfall .....	16,5%	8,2%	-16,1%	-22,8%

# Skýringar

## 14. Lykiltölur, framhald

Sveitarsjóður (A-hluti)	2010	2009	2008	2007	2006
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>					
Útsvar .....	46,18%	47,66%	44,78%	43,28%	48,00%
Fasteignaskattar .....	9,31%	8,87%	8,94%	8,03%	9,40%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	18,09%	19,20%	24,48%	22,84%	19,26%
Lóðaleiga .....	1,15%	1,17%	1,16%	1,27%	1,24%
Skatttekjur samtals .....	74,73%	76,90%	79,36%	75,42%	77,90%
Aðrar tekjur .....	25,27%	23,10%	20,64%	24,58%	22,10%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Laun og launatengd gjöld .....	58,43%	57,38%	53,74%	50,85%	60,26%
Breyting lífeyrisskuldb. ....	1,04%	1,28%	4,83%	3,90%	-0,06%
Annar rekstrarkostnaður .....	43,19%	43,40%	40,22%	39,59%	40,20%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskr. ....	-2,66%	-2,06%	1,22%	5,66%	-0,40%
Afskriftir, sölutöp-hagnaður .....	3,23%	-3,65%	-3,92%	-3,38%	-3,67%
Fjármagnsliðir .....	3,62%	-6,02%	-4,96%	-2,29%	-4,56%
Rekstrarniðurstaða .....	4,20%	-11,73%	-7,66%	-0,01%	-8,63%
Handbært fé frá rekstri .....	-3,23%	-1,79%	8,54%	14,07%	-4,10%
Fjárfestingahreyfingar .....	-0,99%	-1,52%	-5,03%	-8,43%	-6,13%
<b>Í þúsundum króna á íbúa</b>					
<b>Rekstur</b>					
Skatttekjur .....	563	542	530	497	425
Aðrar tekjur .....	190	163	138	162	121
Laun og launatengd gjöld .....	(440)	(404)	(359)	335	329
Breyting lífeyrisskuldb. ....	(8)	(9)	(32)	26	(0)
Annar rekstrarkostnaður .....	(325)	(306)	(269)	261	219
Afskriftir .....	(24)	(26)	(26)	(22)	(20)
Fjármagnsliðir .....	(27)	(42)	(33)	(15)	(25)
Rekstrarniðurstaða .....	(72)	(83)	(51)	(0)	(47)
<b>Efnahagur</b>					
Eignir .....	1.150	971	1.037	1.006	779
Eigið fé .....	190	79	160	211	58
Lífeyrisskuldbindingar .....	300	283	277	251	226
Skuldir án skuldbindinga .....	660	608	601	544	496
<b>Yfirlit um sjóðstreymi</b>					
Handbært fé frá rekstri .....	(24)	(13)	57	93	(22)
<b>Aðrar lykiltölur</b>					
Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við langtímask., mælt í árum .....	-21,37	-37,14	8,07	4,63	-18,46
Veltufjárhlutfall .....	1,33	1,53	1,92	1,98	2,30
Eiginfjárhlutfall .....	16,5%	8,2%	15,4%	21,0%	7,4%
<b>Álagningarhlutföll</b>					
Útvarsprósenta .....	13,28%	13,28%	13,03%	13,03%	13,03%
Fasteignaskattur, íbúðarh. ....	0,40%	0,40%	0,40%	0,40%	0,40%
Fasteignaskattur, atvinnuh. ....	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%

# Skýringar

---

## 14. Lykiltölur, framhald

### Íbúafjöldi

	<u>2010</u>	<u>2009</u>	<u>2008</u>	<u>2007</u>	<u>2006</u>
Í ársbyrjun .....	706	717	716	726	731
Breyting á árinu .....	-37	-11	1	-10	-5
Í árslok .....	<u>669</u>	<u>706</u>	<u>717</u>	<u>716</u>	<u>726</u>